



Kynstaðfestandi hormónameðferð fullorðinna

Tilgangur þessa fræðsluefnis er að veita upplýsingar um kynstaðfestandi hormónameðferð fullorðins trans fólks.

Þessi meðferð hefur verið veitt í áratugi og er örugg. Notuð eru karl- eða kvenkyns hormón í mismunandi tilgangi. Markmið meðferðar er að ná fram betri líðan trans- og kynsegin fólks. Meðferðin getur jafnframt dregið úr kynama.

Transteymi fullorðinna á Landspítala

Transteymi fullorðinna á Landspítala veitir hormónameðferð fyrir 18 ára og eldri til staðfestingar kyns. Hægt er að fá aðgang að teyminu með því að senda tölvupóst á transteymi@landspitali.is. Þau sem þegar eru í þjónustu transteymisins en vilja óska eftir hormónameðferð geta sent skilaboð í gegnum Heilsuveru. Ekki þarf tilvísun til að fá þjónustu hjá transteyminu.

Val á hormónameðferð

Hormón eru framleidd í innkirtlum og hafa áhrif á flesta ef ekki alla vefi líkamans. Testósterón og estrógen eru kynhormón sem notuð eru í kynstaðfestandi tilgangi.

Testósterón, estrógen og andhormón

Áhrif meðferðarinnar eru mismunandi milli fólks og eftir því hvaða hormón er gefið.

- Testósterón er karlhormón sem hefur til dæmis áhrif á dreifingu fitu á líkamanum, vöðvastyrk, hárvöxt og raddsvið.
- Estrógen er kvenhormón sem hefur til dæmis áhrif á dreifingu fitu á líkamanum, áferð húðar og tilfinninganæmni. Samhliða estrógenmeðferð eru alltaf gefin andhormón sem virka gegn framleiðslu og virkni testósteróns.

Hægt er að velja um mismunandi lyfjaform í samráði við lækni, svo sem töflur, gel, sprautur eða plástra. Misjafnt er eftir lyfjaformi hve langt líður á milli lyfjagjafa.

Lengd hormónameðferðar

Kynstaðfestandi hormónameðferð er að jafnaði ævilöng eftir að hún hefur verið hafin. Markmið meðferðarinnar eru einstaklingsbundin og hægt er að byrja á hormónameðferð og fylgjast með áhrifum.

Fylgst er reglulega með líðan og markmiðum einstaklingsins, styrk hormóna í blóði og fleiri blóðgildum og meðferð stýrt samkvæmt því.

Áhrif meðferðar á kynfrumur og frjósemi

Reikna verður með að hormónameðferð hafi áhrif á kynfrumur og frjósemi. Áhrif hormónameðferðar eru mismunandi milli fólks.

Fylgikvillar meðferðar

Testósterón:

- Fjólgun á rauðum blóðkornum. Ef hækkun verður of mikil getur það aukið hættu á blóðtöppum, heilablóðföllum og hjartaáföllum
- Áhrif á starfsemi lífrar
- Þunn og viðkvæm slímhúð í leghálsi og leggöngum sem getur valdið óþægindum og aukið líkur á að smitast af kynsjúkdómum
- Hugsanlegar breytingar á kólesteróli og hærri blóðþrýstingur

Estrógen:

- Aukin áhætta á myndun blóðtappa
- Aukin hættu á gallsteinum
- Mögulega auknar líkur á hjarta- og æðasjúkdómum
- Möguleg áhrif á starfsemi lífrar

Áhrif sem ganga til baka eða ekki

Misjafnt er eftir því hvaða hormón er gefið hvaða áhrif eða einkenni ganga til baka, sjá töflu.

	Ganga til baka	Ganga ekki til baka
Testósterón	<ul style="list-style-type: none"> Breyting á fitudreifingu Aukinn vöðvamassi og styrkur Áferð húðar Breyting á kynhvöt Stöðvun tíðablæðinga 	<ul style="list-style-type: none"> Dýpkun raddar Aukinn hárvöxtur á líkama Skeggvöxtur Hármissir við kollvik og hvirfil Stækkun á sníp Þynnri slímhúð í leghálsi og leggöngum
Estrógen	<ul style="list-style-type: none"> Breyting á fitudreifingu Minni vöðvamassi og styrkur Áferð húðar Tilfinninganæmni Breyting á kynhvöt Breyting á hárvexti 	<ul style="list-style-type: none"> Stækkun brjóstá Minni og mýkri eistu Minni sæðisframleiðsla

Upplýst samþykki

Skrifa þarf undir upplýst samþykki (e. informed consent) áður en meðferð er hafin. Fyrir fram eru veittar upplýsingar um meðferðina; áhættu, áhrif og hvernig lyfið virkar með öðrum lyfjum. Undirskrift felur í sér samþykki byggt á þeim upplýsingum.

Heilbrigðisstarfsfólki ber skylda til að leggja mat á hæfni fólks til þess að taka upplýsta ákvörðun um heilsu þeirra. Þannig leggur starfsfólk teymisins mat á getu þeirra sem óska eftir meðferð til þess að skilja:

- Hvaða hormónamedferð er í boði á Íslandi
- Áhrif hormónanna
- Áhættu og mögulegan ávinning hormónamedferðar

Þetta er gert til þess að hver og einn geti verið virkur þátttakandi í ákvörðun um eigin meðferð, ljóst sé að skilningur sé fyrir hendi varðandi áhættu og áhrif hennar og vilji sé til staðar til að vinna með þeim sem veita meðferðina.

Frekari upplýsingar

Leiðbeiningar um hormónameðferð frá Nýja-Sjálandi: https://genderminorities.com/wp-content/uploads/2023/03/Primary-Care-GAHT-Guidelines_Final_Web.pdf

Lög um kynrænt sjálfraði 80/2019: www.althingi.is/lagas/nuna/2019080.htm

Til minnis

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
MIÐSTÖÐ SJÚKLINGAFRÆÐSLU
APRÍL 2024
LSH-3419

ÁBYRGÐARMENN:
YFIRLÆKNIR TRANSTEYMISS FULLORÐINNA
OG DEILDARSTJÓRI GÖNGUDEILDAR
LYFLÆKNINGA A3

HÖNNUN:
GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR
LANDSPÍTALA